

# Skýrsla Svavars Kjarrvals um framkvæmd sumarmarkmiða sinna árið 2019

Tilgangurinn með því að skrifa skýrsluna er aðallega sá að fá mig til þess að meta heildstætt hvernig mér gekk að framkvæma sumarmarkmið ársins, og birting hennar að veita sjálfum mér aðhald svo ég geti ekki afskrifað mistök þegjandi og hljóðalaust ásamt því að veita öðrum tækifæri til að læra af því sem ég gerði vel og illa. Skýrsla kom út á sínum tíma um framkvæmd sumarmarkmiða ársins 2017 og einnig fyrir árið 2018. Þetta er því þriðja skýrslan af þessu tagi. Einhverjir hlutar skýrslu ársins 2018 voru afritaðir yfir í þessa og aðlagðir eftir þörfum. Skýrslan sjálf inniheldur ekki lista yfir nánari skilyrði og skilgreiningu hvers sumarmarkmiðs fyrir sig nema að því leiti sem ástæða er til að fjalla um þau. Hinn formlegi listi yfir sumarmarkmið ársins 2019 er að finna á vef þessa átaks.

Þessi skýrsla var rituð samhliða framkvæmd sumarmarkmiðanna eftir því sem kostur var, til að draga úr mistökum sökum misminnis og svo lokaútgáfa hennar væri tilbúin sem fyrst eftir lokafrestinn. Hins vegar tókst það ekki betur en svo að lokaútgáfan tafðist þar til í maímánuð 2020.

Á sumarmarkmiðalista ársins 2019 voru sett 23 aðalmarkmið og 17 uppfyllingarmarkmið. Uppsetningu listans lauk að morgni 6. júní og hófst framkvæmd hans samdægurs.

## Efnisyfirlit

Nýmæli í framkvæmd þessa árs.....	2
Ferlið í gróflega stuttu máli.....	2
Skilyrði markmiða.....	3
Lokafresturinn.....	3
Tillögur og úrvinnsla þeirra.....	3
Grundvallarforsendur markmiða.....	4
Mælanleikareglan.....	4
Reglan um augljós lok.....	4
Raunhæfisreglan.....	5
Röðun á markmiðalistann.....	5
Eftirfylgni með tillögum.....	6
Skipulag framkvæmdar.....	6
Staða ókláraðra markmiða eftir lokafrestinn.....	7
Markmið tímabilsins.....	8
Aðalmarkmið.....	8
Uppfyllingarmarkmið.....	8
Áfangatímatafla.....	9
Fara einn hring í kringum landið.....	11
Skýringar og lærdómur af framkvæmdinni.....	13
Viðmið vegna sumarmarkmiða.....	13
Úrvinnsla tillagna.....	13
Ferðalög.....	13
Hlaupa/skokka fimm kílómetra.....	13
Gera mína eigin erfðaskrá.....	13
Setja upp sniðgöngulista.....	14
Fara í tiltekið margar heimsóknir til annars fólks sem ég hef ekki heimsótt áður.....	14
Bjóða tiltekið mörgum aðilum í heimsókn sem hafa ekki heimsótt mig áður.....	14

Gera tiltekið margar armbeygur.....	14
Fara einn hring í kringum landið.....	14
Ljúka yfirferð og endurnýjun á fataeign minni.....	14
Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður.....	15
Gróðursetja tré.....	15
Prófa Segway.....	15
Kortleggja Fjölskyldu- og húsdýragarði fyrir OpenStreetMap.....	15
Ljúka eftirvinnslu á öllum skönnuðu ljósmyndaalbúmunum.....	15
Gera tiltekinn fjölda upptalinna atriða utan höfuðborgarsvæðisins.....	16
Uppfyllingarmarkmið.....	16
Baða mig í fossi, eða á/læk.....	16
Kasta smámynt í „brunn“.....	16
Panta og fá herbergisþjónustu á hóteli.....	16
Fljóta á kajak & Flúðasigling & Hvalaskoðun & Fara á tvær mismunandi bæjarhátíðir.....	17
Réttlættingar á ókláruðum markmiðum.....	17
Samanburður við fyrri skipti.....	17
Hvað er framundan?.....	18
Fylgiskjal - Viðmið vegna sumarmarkmiða.....	18
1.0 Ófrávikjanleg viðmið.....	18
2.0 Frávikjanleg viðmið.....	19
2.1 Beiting og skráning frávika.....	19
2.2 Móttaka tillagna.....	19
2.3 Úrvinnsla tillagna.....	20
2.3.1 Aðlögun tillagna.....	20
2.3.2 Flokkun í innimarkmið og útimarkmið.....	20
2.3.3 Upplýsingasöfnun og rannsóknarvinna.....	20
2.3.4 Langtímaáherslur.....	20
2.3.5 Endurtekningar sumarmarkmiða.....	21
2.3.6 Endurtekin meðferð tillagna.....	21
2.3.7 Ferli við meðferð tillagna.....	21

## Nýmæli í framkvæmd þessa árs

Í skýrslu ársins 2018 um framkvæmd sumarmarkmiða er minnst á nokkra vankanta er voru á fyrirkomulaginu um úrvinnslu tillagna og var í kjölfarið ákveðið að fara í endurskoðun á þeim. Meðal helstu atriða voru sjónarmið um stöðumun á milli minna eigin tillagna og annarra, stytting á úrvinnslutíma tillagna, sporna gegn endurtekningu sumarmarkmiða, ójafnvægi á innimarkmiðum og útimarkmiðum, og sporna gegn ofmati á eigin getu.

Sú vinna leiddi til ýmissa nýmæla er höfðu töluverð áhrif á úrvinnslu tillagna. Í fyrsta lagi var saminn og birtur listi yfir langtímaáherslur í þeim tilgangi að fólk fái betri hugmynd um hvers kyns tillögur það gæti sent inn, og einnig voru skrásett viðmið vegna sumarmarkmiða er gilda um úrvinnslu tillagna og túlkun þeirra, sem eru í fylgiskjali við skýrslu þessa. Íhugað var að birta viðmiðin áður en auglýst var eftir tillögum en að endingu var ákveðið að gera það ekki fyrr en búið væri að fara einu sinni í gegnum allt ferlið og árangur þeirra metinn.

## Ferlið í gróflega stuttu máli

Fyrst eru sett saman gróf drög að þeim grundvallaratriðum markmiðalistans, meðal annars skráð þau skilyrði sem markmið þurfa að uppfylla til að teljast tæk á listann, ákvörðun tímasetningar tillögufrestarins og lokafrestarins (til að ljúka markmiðunum). Síðan er send út beiðni um tillögur til vana og vandamanna eftir því sem tækifæri gefst, en þó skal þess getið að hver sem er má senda inn

tillögu án sérstaks boðs eða tilkynningar. Rétt eftir lok tillögufrestarins hefst vinnan við að raða þeim inn á markmiðalistann. Þegar markmiðin hafa verið formlega sett má hefja vinnuna við að klára þau. Þegar lokafresturinn er liðinn er farið yfir tímabilið og staðan metin út frá því.

## Skilyrði markmiða

Í grunni séð er það undir hverjum og einum komið hvaða skilyrði markmið þurfa að uppfylla til að vera sett inn á lista viðkomandi aðila. Mælt er þó með því, upp á að rækja nægilegt sjálfsaðhald, að stefna að því að markmiðin séu skilgreind á skýran hátt og að hægt sé að meta hvort þau teljist kláruð með auðveldum og mælanlegum hætti.

## Lokafresturinn

Lokafresturinn er sú tímasetning sem markmið skal vera lokið, ellegar telst það óklárað. Á þetta við þrátt fyrir að það klárast sekúnduna sem lokafrestunum ber upp á. Hann er skilgreindur sem ófæranlegur eftir að hann hefur verið formlega settur til að losna við þá freistingu að færa hann eftir að framkvæmd markmiðalistans er hafin. Þá þjónar hann jafnframt sem viðmið svo hægt sé að gera raunhæfari áætlanir hversu mikið hægt sé að klára yfir tímabilið.

Lokafresturinn var hinn sami og árin áður svo framkvæmdinni yrði ábyggilega lokið fyrir upphaf skólaársins er hefst seinni hluta ágústmánaðar. Ég taldi betra að forðast þann árekstur sem yrði á milli framkvæmd sumarmarkmiða og ástundun námsins.

Tímasetning lokafrestarinnar nú í ár varð því kl. 00:00:00 þann 18. ágúst 2019, og yrði því að ljúka framkvæmd markmiðanna fyrir þá tímasetningu. Listinn var birtur þann 6. júní 2019 og hófst framkvæmdin sama dag.

## Tillögur og úrvinnsla þeirra

Fyrsta auglýsingin eftir tillögum var birt á Facebook tímálínunni minni þann 16. maí 2019 og á hana var minnt nokkrum sinnum fram að tillögufrestinum. Lokaði ég síðan fyrir tillögur, þar á meðal mínar eigin, þann 12. maí. Mín persónulega regla er að mínar tillögur þurfa að hafa verið skráðar niður sem slíkar fyrir tillögufrestinn svo þær gildi, upp á að maður sé ekki að stöðugt að skrifa niður fyrri hugdettur um verkefni eftir að fresturinn er liðinn. Hvað tillögur annarra varðar dugar að þær hafi verið sendar af stað fyrir tillögufrestinn, en þær þurfa þó að hafa verið komnar áður en sumarmarkmiðalistinn hefur verið birtur.

Tillögufrestinn skal túlka eins strangt og lokafrestinn. Hann á bæði við um tillögur frá öðrum sem og manns eigin. Tillögur sem berast áður vegna fyrri markmiðalista voru ekki íhugaðar nema beiðni um það væri borin upp. Sjálfur fór ég gróflega yfir þær helstu tillögur fyrri lista sem kæmu til greina og gæti verið ástæða til þess að afgreiða aftur eða nánar. Samkvæmt viðmiðum vegna sumarmarkmiða þurfti í tilviki minna eigin beiðna um það að skrá þær fyrir tillögufrestinn, en um frest annarra fór með sama hætti og gildi um tillögur almennt.

Utanaðkomandi nýkomnar tillögur voru 22 talsins þetta árið en voru 29 árið áður, sem var leitt. Lögð var áhersla á að gefa ekki upp afstöðu mína til tillagnanna áður en tillögufrestinum lauk, sérstaklega ef þær voru lagðar fram munnlega. Samkvæmt viðmiðum vegna sumarmarkmiða var mér heimilt að spyrja nánar út í ýmis möguleg álitaefni sem mér kom til hugar hverju sinni til að spara þann tíma sem það tæki að senda út helling af fyrirsprungnum síðar og einnig þar sem tillagan er ferskari í minnum fólks.

Úrvinnsla tillagna var aðeins formfastari nú í ár en árin áður. Áður fyrr fór ég óskipulega á milli allra tillagna og röð þeirra fór eftir einföldu huglægu mati þó ég reyndi að gæti jafnræðis milli minni eigin og annarra. Það mat leiddi til þeirrar hættu að ég færi að hafna utanaðkomandi tillögum á þeim forsendum að þegar samþykkt markmið væru þá þegar orðin nógu viðamikil, eða að þær myndu verða skilgreindar sem uppfyllingarmarkmið á sömu forsendum.

Til að veita utanaðkomandi nýkomnum tillögum meira færi á að komast inn á markmiðalistann var yfirferðarferlinu breytt á þann hátt að rannsóknarvinna vegna allra tillagna þurfti að hafa verið lokið áður en ég færi að taka ákvarðanir um hvaða tillögur gætu orðið að settum sumarmarkmiðum.

## Grundvallarforsendur markmiða

Markmið sett á listann þurfa að uppfylla nokkrar grundvallarforsendur til þess að rata á listann. Þær eru túlkaðar sem meginreglur og hafa þröngar undantekningar sem beita á í hófi. Eftir því sem reynsla hefur komist á framkvæmdina koma upp sífellt færri undantekningartilvik. Stundum gerist það af slysi og er reynt að læra af þeim atvikum til þess að lækka líkurnar á endurtekningu.

## Mælanleikareglan

Reglan gerir það að verkum að markmið skuli vera mælanleg með hlutlægum hætti, sem sagt án þess að tilfinningalegt mat eða ágiskanir ráði of miklu. Því mælanlegri sem árangur markmiðs er, því erfiðara verður að koma með eftir-á-túlkunir í þeim tilgangi að veita afslætti af kröfum þess.

Nauðsynlegt er í sumum tilvikum að beita tilfinningalegu mati eða ágiskunum og reynir þá á gildi hennar sem meginreglu. Bæði þarf að gæta þess að túlka hana ekki á þann hátt að hún beinlínis hindri mann í að ná markmiðunum en heldur ekki þannig að hún verði til þess að árangurinn verði of óljós.

Oft eru tilvik þar sem ekki er hægt að mæla einstaka þætti markmiðsins með hlutlægum hætti eða fyrirhöfnin til að koma á slíkri mælingu teldist mér bersýnilega ofviða. Þrátt fyrir slík sjónarmið er með öllu forðast markmið þar sem grundvöllur þess að það teljist klárað byggist (nær) einvörðungu á tilfinningalegu áliti, eins og að ég sé ánægður með eitthvað eða sáttur, og hið sama gildir um mælikvarða sem byggjast á slíku mati af hálfu annarra.

## Reglan um augljós lok

Reglan um augljós lok helst mikið í hendur við mælanleikaregluna og leiðir fram tvíþætta viðbót: Fyrst og fremst að markmiðið hafi skilgreindan endi og að það sé augljóst hvenær þeim áfanga er náð. Því má samkvæmt meginreglunni ekki skilgreina markmið án þess að hafa skilgreint fyrirfram hvenær það telst klárað og að það sé fyrir fram augljóst þegar það gerist. Til að mynda bannar reglan skilgreiningu markmiða sem teldust mælanleg en hefðu skilgreiningar sem myndu byggjast á því að viðkomandi myndi gera eitthvað eins oft og þolinmæðin leyfði. Séu lok markmiðs of óljós getur það leitt til frestunaráráttu eða það mikillar óvissu að réttmætar efasemdir muni koma fram síðar varðandi hvort það hafi í raun talist klárað eður ei.

Fylgifyskur þeirrar reglu er að við skilgreiningu markmiða þarf að gæta þess að draga úr líkum þess að skilgreiningin sjálf leiði til óvissu um hvort hægt sé að klára markmiðið ef ófyrirséð staða kemur upp. Einfaldað dæmi um það væri að markmið kvæði á um að ljúka skuli við tiltekna þraut en síðan kæmi í ljós að þrautin væri haldin þeim ágalla að hún væri ókláranleg, eingöngu kláranleg í andstöðu við skilyrði markmiðsins, eða skilgreining markmiðsins séu óskýr um hvort fyrirbyggjandi lausn hennar telst eða ekki. Í þessu sambandi er þó forðast að fara út í hverja einustu tegund ófyrirséðra atburða í tengslum við hvert og eitt sumarmarkmið sjálfstætt, sérstaklega ef það eru

atburðir sem ég hef engin áhrif á, svo sem farsóttir, eldgos, stríð eða þvíumlíkt. Þess í stað yrði slíkt tekið með í reikninginn við uppgjör sumarmarkmiðalistans.

## Raunhæfisreglan

Raunhæfisreglan kveður á um að hægt verði að ná hverju og einu markmiði fyrir lokafrestinn og að það verði að vera raunhæft að gera það með hliðsjón af öðrum markmiðum sem liggja fyrir sem og öðru sem liggur fyrir yfir tímabilið. Hún leggur því bann við því að setja svo mörg markmið á listann að það sé fræðilegur ógerningur að klára þau öll eða krefðist svo mikillar vinnu að viðkomandi yrði að ofkeyra sig líkamlega og/eða andlega svo það teljist raunhæft að klára þau öll.

Ítrekað er að reglan kveður á um að það sé *fræðilega* raunhæfur möguleiki að viðkomandi persónulega geti almennt klárað það sem og gert það innan tímabilsins. Að það verði svo raunin gæti verið annað mál.

## Röðun á markmiðalistann

Þegar tillögufrestinum lýkur þarf að vinna úr þeim tillögum sem liggja fyrir. Hafa þarf í huga að eingöngu er um tillögur að ræða og að maður er ekki bundinn við að setja þær á markmiðalistann. Einnig þarf að hafa í huga að synja ekki utanaðkomandi tillögum blákalt á þeim forsendum að þær uppfylli ekki skilyrðin ef það vantar ekki mikið upp á. Þau sem leggja tillögurnar fram eiga að minnsta kosti skilið að maður leggi í smá vinnu við að sjá hvort hægt sé að aðlaga þær.

Þegar unnið er úr tillögunum þarf bæði að horfa til tillögunnar sjálfrar sem og markmiðanna sem þegar hafa verið sett inn. Í heildina ætti að stefna að því að það sé fræðilega raunhæft að klára öll markmiðin á listanum fyrir lokafrestinn. Áætlanir geta hins vegar skorðast af ýmsum ástæðum, þar á meðal vegna utanaðkomandi þátta sem geta hvort sem er hraðað vinnslu markmiðs eða gert manni ókleift að vinna í því á tilteknu tímabili. Þá telst það ekki uppbyggjandi fyrir mann sjálfan andlega ef synjað er tillögu að markmiði þar sem það var talið óraunhæft að vinna í því á tímabilinu en síðan koma upp sérstaklega hliðhollar aðstæður sem verða til þess að markmiðið hefði klárast þrátt fyrir allt en síðan væri það ekki á markmiðalistanum í það skiptið.

Leyst er úr fyrrgreindum aðstæðum að einhverju leiti með því að skipta markmiðalistanum upp í tvo hluta: aðalmarkmið og uppfyllingarmarkmið. Aðalmarkmið eru þau markmið sem viðkomandi vill sérstaklega vinna að og miðar við að þau klárast öll fyrir lokafrestinn. Uppfyllingarmarkmið eru samkvæmt nafninu þau markmið sem viðkomandi samþykkir að vinna að en án þess að gera sérstaka kröfu um að þeim skuli ljúka fyrir frestinn. Áherslan ætti þó alltaf að vera á aðalmarkmiðin og forðast að vinna að uppfyllingarmarkmiðum fram yfir aðalmarkmið nema aðstæður hverju sinni réttlæti það sérstaklega.

Fjölgun varð á fjölda aðalmarkmiða frá árinu 2018 til 2019 (frá 19 til 23) en á móti varð lækkun á fjölda uppfyllingarmarkmiða (frá 25 til 17). Hins vegar var tímabilið árið 2018 styttra en árið eftir og jafnframt gætti áhrifa frá viðmiðunum varðandi endurteknningar, en þau leiddu til þess að ýmis uppfyllingarmarkmið frá því áður gátu ekki verið tekin upp aftur nema sem aðalmarkmið. Enn fremur þurfti ekki að gera ráð fyrir ýmsum skuldbindingum árið 2019 sem áttu við árið 2018. Sé eingöngu horft til heildarfjölda sumarmarkmiða fækkaði þeim milli ára en þau voru 44 talsins árið 2018 en 40 talsins árið 2019. Ítreka ætti þó að fjöldi sumarmarkmiða er enginn algildur mælikvarði á umfang framkvæmdarinnar sökum fjölbreytileika þeirra.

Þá þarf að athuga að ekki er til staðar neitt ferli um að meta nákvæmt umfang framkvæmdar á einstökum markmiðum, er leiðir til þess að matið á því hvort listinn í heild sé allur framkvæmanlegur er afar huglægt. Svo nákvæmar tímaáætlanir, jafnvel þótt það yrði gert með

fyrirvara, myndi lengja yfirferð tillagna með afdrifaríkum hætti. Þar að auki yrði óþarflega erfitt að reyna að gera ráð fyrir tímasamnýtingu með samspili framkvæmdar tveggja eða fleiri markmiða á sama tíma. Þá myndi vanáætlun á tíma geta leitt til óþarfra áhyggja ef framkvæmd tiltekins markmiðs færi fram yfir áætlaðan tíma. Enn fremur gæti slíkt haft þau óæskilegu áhrif að fyrirsjáanlega styttri verk væru ósanngjarnlega líklegri til þess að fara inn á listann á kostnað þeirra sem væru viðameiri eða hefðu einhverja óvissuþætti.

Röð markmiða á opinberlega birta listanum er sú röð sem þau eru samþykkt inn á hann og hvorki merki um forgangsröð, umfang, né mikilvægi, að undanskilinni þeirri staðreynd að þau séu aðskilin í aðalmarkmið og uppfyllingarmarkmið.

Í skýrslu um framkvæmd sumarmarkmiðalista ársins 2018 viðraði ég áhyggjur af þessari skiptingu að því leiti að eðli sumra markmiða sem uppfyllingarmarkmið leiddu til þess að þau gætu ítrekað verið sett sem slík án þess að unnið væri að þeim. Þetta árið lágu hins vegar fyrir viðmið sem breyttu stöðunni að þessu leiti með því að sett sé skylda til að meta sérstaklega líkurnar á að það sé hægt að klára markmiðið í það skiptið, og sérstaklega tekið á tilvikum þar sem sama uppfyllingarmarkmiðið hefur verið á tveimur næst-undanförnum sumarmarkmiðalistum, en í þeim tilvikum geta þau eingöngu verið sett sem aðalmarkmið. Viðmiðin eru ekki svo ströng um hvað skuli gera ef markmiðið sé enn óklárað og verið sé að íhuga það fyrir næsta sumarmarkmiðalista þar á eftir, en fyrirmælin um að íhuga sérstaklega möguleika til árangurs ætti að lágmarki að vekja mig til hugsunar í þeim tilfellum.

## Eftirfylgni með tillögum

Fólki list almennt vel á að það fái persónulegar tilkynningar um afdrif tillagna sinna sem það leggur fram. Þó er betra að vera ekki með of tíðar tilkynningar og takmarka það við þegar markmiðið sem byggir á tillögunni er komið á endanlega markmiðalistann sem og þegar það er klárað, og mögulega ef mikilvægum áfanga sé lokið. Ef það klárast ekki, að láta viðkomandi vita eftir lokafrestinn. Betra er að eiga ekki frumkvæðið um að láta fólk vita um að tillögur þeirra hafi ekki verið settar á tiltekinn markmiðalista, enda gæti slíkt latt fólk frá því að leggja fram tillögur síðar.

Sumar tillögur eru slíkar að tillöguflytjandinn setur sig sjálfa(n) í framkvæmd þess, og er mismunandi hvort samþykkt er að verða við því að binda framkvæmdina við slíkt samstarf. Þrátt fyrir að markmiðið sjálft yrði ekki formlega bundið við tillöguflytjanda er samt litið til samstarfsvilja tillöguflytjandans þegar framkvæmdin er skipulögð. Eftir atvikum veit tillöguflytjandinn samstundis þegar markmiðið telst klárað og oftast óþarfi að tilkynna viðkomandi það sérstaklega síðar. Ástæða er að ætla að samstarfið leiði til aukinna líkinda á framtíðartillögum frá viðkomandi aðila, en þetta byggir þó ekki á tölfræðilegri athugun.

## Skipulag framkvæmdar

Til að auðvelda yfirsýn og auka tímasparnað er markmiðum fyrirfram raðað á dagsetningar í ákveðinn langan tíma í senn. Þá gegnir það einnig því hlutverki að passa að ég festist ekki um of í einu tilteknu markmiði dag eftir dag á kostnað allra hinna. Eðli markmiðs getur þó verið þannig, eins og í tilviki ferðalaga, að réttlætianlegt sé að setja það á marga daga í röð.

Gætt er að því að áætla helst ekki framkvæmd markmiðs um helgi (laugardag og sunnudag) til að forðast ofkeyrslu. Helstu undantekningar á þessu er þegar markmiðið er of illframkvæmanlegt eða jafnvel óframkvæmanlegt á öðrum vikudögum, eða eðli þess sé þannig að hjá því er ekki komist. Dæmi um síðarnefndu aðstæðurnar er markmiðið um ritun tilfinningadagbókar árið 2018 þar sem kveðið er á um að færsla skuli vera rituð fyrir einhverja tólf daga á fjórtán daga samfelldu tímabili,

sem væri ekki framkvæmanlegt ef ég gæti ekki ritað færslu fyrir helgardagana. Ef einhver framkvæmd á sér stað um helgi er reynt að halda henni í lágmarki og á rólegu nótnum.

Framkvæmdin undanfarin ár hefur verið sú að setja niður skipulag fyrir næstu tvær vikur í senn og þegar ákveðinn tími er eftir til lokafrestsins verður það ein vika í senn og þegar lokafresturinn er enn nær er það hver dagur fyrir sig. Á hverjum laugardagsmorgni er litið yfir stöðuna eftir þá viku og fyllt inn í skipulagið samkvæmt framangreindu. Reynt er að taka mið af öðrum viðburðum sem liggja fyrir og eru ekki hluti af sumarmarkmiðinum, eftir því sem kostur er.

Árið 2016 var tekin upp sú framkvæmd að flokka sumarmarkmiðin í innimarkmið og útimarkmið af þeirri ástæðu að auðvelda framangreinda röðun. Megindrífkrafturinn var sú staðreynd að gera þurfti ráð fyrir hinni breytilegu íslensku veðráttu og þeirri staðreynd að langtímaveðurspár voru þá og eru enn ekki nógu áreiðanlegar fyrir svona áætlanir. Til að mynda ef sett hefði verið útimarkmið á tiltekinn dag og síðan yrði hellirigning þann daginn, þá kom upp sú staða að ég þyrfti annað hvort að framkvæma það með skeifu á vör þrátt fyrir rigninguna eða fara í það ferli að reyna að finna hentugt innimarkmið. Eftir að þessa flokkun var innleidd var hægt að grípa til fyrirfram ákveðins innimarkmiðs við slíkar aðstæður.

Tilgangurinn með fyrirfram röðun er jafnframt sú að það tæki annars of langan tíma að ákveða á hverjum einasta degi hvaða markmið ætti að vinna í þann daginn. Til að létta af þeim áhyggjum var ákveðið að flokka markmiðin í útimarkmið og innimarkmið. Litið er á útimarkmið hvers dags sem það markmið sem stefnt væri að þann daginn en innimarkmiðið til vara, þó með einstaka undantekningum, enda ríkjandi sjónarmið um að gott veður á sumrin er takmörkuð auðlind. Almennt er eingöngu sett eitt útimarkmið og eitt innimarkmið á hvern dag, að því undanskildu ef framkvæmd tveggja eða fleiri slíkra markmiða sé samhangandi.

Meginreglan er sú að ekki sé sérstaklega reynt að vinna í markmiðum nema þau séu á skipulagi hvers dags. Þetta er þó ekki heilagt enda væri það fáránlegt ef árangur í markmiði gæti ekki talist nema það sé á skipulagi þess dags eða ófyrirséðar aðstæður verða til þess að skipta þarf yfir í annað markmið. Sum markmið eru þess eðlis að það sé óþarfi að tiltaka þau á skipulaginu í upphafi. Þá eru til markmið sem eru fylgifiskur framkvæmdar annarra markmiða og þar má taka sem dæmi 42ja mynda markmiðið sem hægt væri að framkvæma með öllum markmiðum sem leiða til þess að myndirnar séu teknar samhliða framkvæmd annarra sumarmarkmiða eða jafnvel sjálfstætt. Vanti eitthvað á framkvæmd slíkra markmiða þegar nálgast lok tímabilsins er mögulegt að setja þau sérstaklega inn á skipulagið í þeim tilgangi að auka líkur á framgangi þeirra.

## **Staða ókláraðra markmiða eftir lokafrestinn**

Mikilvægt er að túlka það ekki sem svo að þó markmið sé ekki klárað fyrir lokafrestinn, þá teljist það óklárað um aldur og ævi, heldur þjónar það eingöngu sem mælikvarði vegna tiltekins sumarmarkmiðalista. Ýmsar skýringar geta verið á því af hverju ekki tókst að klára tiltekið markmið innan lokafrestsins, hvort sem ástæðurnar megji rekja til ytri eða innri þátta.

Eftir því sem markmiðin eru fleiri, því líklegra er að einhver þeirra klárast ekki. Hið sama gildir um eðli markmiðanna sjálfra. Það er ekki hægt að sjá fyrir allar mögulegar aðstæður og ef það væri reynt myndi meirihluti tímabilsins fara í undirbúning listans sjálfs og samt sem áður væri vel mögulegt að upp komi óvæntar aðstæður eða upplýsingar sem viðkomandi gerði ekki ráð fyrir. Einhverjar svoleiðis aðstæður koma ætíð upp við framkvæmd sumarmarkmiðalistanna. Rétt væri að beinlínis gera ráð fyrir því að ná ekki að klára þau öll, en reyna þó að komast eins nálægt því og hugsast getur.

## Markmið tímabilsins

Alls 23 aðalmarkmið og 17 uppfyllingarmarkmið voru samþykkt inn á sumarmarkmiðalista ársins. Fylgir hér listi yfir þau og stöðu þeirra við lokafrestinn.

### Aðalmarkmið

Titill	Staða við lokafrest
Rusltúningarferð	Klárað
Fara í fallturninn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum	Klárað
Hlaupa/skokka fimm kílómetra	Óklárað
Taka eina sjálfsmynd á dag	Klárað
Fara á leikrit sem Leikhópurinn Lotta flytur	Klárað
Skrifa tiltekinn fjölda greina á Íslensku Wikipediu	Klárað
Gera mína eigin erfðaskrá	Óklárað
Merkja inn tiltekinn fjölda gangbrauta inn á OpenStreetMap (OSM)	Klárað
Setja upp sniðgöngulista	Óklárað
Fara í tiltekið margar heimsóknir til annars fólks sem ég hef ekki heimsótt áður	Óklárað (2/5 lokið)
Þjóða tiltekið mörgum aðilum í heimsókn sem hafa ekki heimsótt mig áður	Óklárað
Gera tiltekið margar armbeygjur	Óklárað
Fara einn hring í kringum landið	Klárað
Fara til Austurlands	Klárað
Fara til Vestfjarða	Klárað
Ljúka yfirferð og endurnýjun á fataeign minni	Óklárað
Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Klárað
Gróðursetja tré	Óklárað
Prófa Segway	Óklárað
Kortleggja Fjölskyldu- og húsdýragarðinn fyrir OpenStreetMap	Óklárað
Skrifa og keyra skröpunartól sem skrapar auglýsingar Stjórnartíðinda yfir á gagnagrunn	Klárað
Ljúka eftirvinnslu á öllum skönnuðu ljósmyndaalbúmunum	Óklárað (0 af <60)
Gera tiltekinn fjölda upptalinna atriða utan höfuðborgarsvæðisins <sup>1</sup>	Klárað

### Uppfyllingarmarkmið

Titill	Staða við lokafrest
Vera vegan í þrjá daga samfleytt	Óklárað

<sup>1</sup> Þessi atriði má finna á sumarmarkmiðalistanum sjálfum en einnig er fjallað nánar um þau síðar í skýrslunni.



Titill	Staða við lokafrest
Baða mig í fossi, eða á/læk	Óklárað
Anda inn helíum úr blöðru	Óklárað
Kasta smámynt í „brunn“	Óklárað
Ekki greiða með skiptimynt í fimm daga samfleytt	Klárað
Panta og fá herbergisþjónustu á hóteli	Óklárað
Prófa spilakassa	Klárað
Fara í þyrluferð	Óklárað
Fljóta á kajak	Óklárað
Flúðasigling	Óklárað
Hvalaskoðun	Óklárað
Borða fiskmáltíð hjá foreldrum mínum	Klárað
Búa til myndband og setja inn á YouTube	Klárað
Lesi bók um málefni sem ég veit lítið eða ekkert um	Óklárað
Snerta „bona fide“ vita	Klárað
Fara á tvær mismunandi bæjarhátíðir	Óklárað
Lesi heila bók sem er á tungumáli sem ég skil ekki/varla	Óklárað

Samanber töflurnar fyrir ofan kláraði ég tólf af alls 23 aðalmarkmiðum og fimm af alls sautján uppfyllingarmarkmiðum. Í heildina tel ég árangurinn nokkuð góðan þrátt fyrir ýmsa vankanta á framkvæmdinni þar sem þau aðalmarkmið sem kláruð voru töldust mörg hver stórtæk.

## Áfangatímatafla

Skráning helstu áfanga sumarmarkmiðanna er ágætlega takmörkuð þar sem hún er afmörkuð við mælanlegu þætti markmiðanna. Hér má finna lista yfir mælanlegu áfangana í tímaröð:

Dags.	Sumarmarkmið	Áfangi
7. júní	Fara í fallturninn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum	Lokið
8. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tvö bílnúmer (2/42)
10. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tvö bílnúmer (4/42)
10. júní	Skrifa tiltekinn fjölda greina á Íslensku Wikipediu	Stofnaði 8 greinar (8/50)
11. júní	Ekki greiða með skiptimynt í fimm daga samfleytt	Lokið <sup>2</sup>
12. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tvö bílnúmer (6/42)
13. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Fimm bílnúmer (11/42)
14. júní	Prófa spilakassa	Lokið
14. júní	Skrifa tiltekinn fjölda greina á Íslensku Wikipediu	Stofnaði 11 greinar (19/50)
16. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Eitt bílnúmer og tvö húsnumur (14/42)

<sup>2</sup> Miðað er við seinasta almanaksdaginn á tímabilinu.

Dags.	Sumarmarkmið	Áfangi
19. júní	Gera tiltekinn fjölda upptalinna atriða utan höfuðborgarsvæðisins	Tók mynd af nafnlausum(?) fossi á Snæfellsnesinu (Taka mynd af fimm fossum, 1/5)
19. júní	Snerta „bona fide“ vita	Malarrífsviti (lokið)
19. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Sex bílnúmer og þrjú húsnúmer (23/42)
20. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tvö bílnúmer og tvö húsnúmer (27/42)
20. júní	Fara í tiltekið margar heimsóknir til annars fólks sem ég hef ekki heimsótt áður	Ein heimsókn (1/5)
21. júní	Fara til Vestfjarða	Lokið <sup>3</sup>
21. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tvö bílnúmer (29/42)
22. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Eitt bílnúmer og tvö húsnúmer (32/42)
23. júní	Gera tiltekinn fjölda upptalinna atriða utan höfuðborgarsvæðisins	Tók myndir af Dynjanda í Arnarfirði og hinum fossunum fyrir neðan (Taka mynd af fimm fossum, lokið)
23. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Tvö bílnúmer og sjö húsnúmer (41/42)
24. júní	Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður	Eitt bílnúmer (lokið)
27. júní	Skrifa og keyra skröpunartól sem skrapar auglýsingar Stjórnartíðinda yfir á gagnagrunn	Lokið
27. júní	Borða fiskmáltíð hjá foreldrum mínum	Lokið
1. júlí	Rusltíningarferð	Lokið
3. júlí	Merkja inn tiltekinn fjölda gangbrauta inn á OpenStreetMap (OSM)	Merkti inn 78 gangbrautir (78/100)
10. júlí	Fara á leikrit sem Leikhópurinn Lotta flytur	Lokið
12. júlí	Skrifa tiltekinn fjölda greina á Íslensku Wikipediu	Stofnaði 16 greinar (35/50)
17. júlí	Búa til myndband og setja inn á YouTube	Lokið
18. júlí	Merkja inn tiltekinn fjölda gangbrauta inn á OpenStreetMap (OSM)	Merkti inn 35 gangbrautir (lokið)
4. ágúst	Gera tiltekinn fjölda upptalinna atriða utan höfuðborgarsvæðisins	Skoðaði Hvítserk (Fara að skoða Hvítserk, lokið)
5. ágúst	Fara í tiltekið margar heimsóknir til annars fólks sem ég hef ekki heimsótt áður	Ein heimsókn (2/5)
7. ágúst	Gera tiltekinn fjölda upptalinna atriða utan höfuðborgarsvæðisins	Skoðaði Mývatn og umhverfi (Fara til Mývatns)

3 Miðað er við dagsetninguna þegar ég hafði sofið mína fyrstu nótt á því svæði.

Dags.	Sumarmarkmið	Áfangi
		og umhverfis, lokið) Heildarmarkmið lokið
9. ágúst	Fara til Austurlands	Lokið <sup>4</sup>
11. ágúst	Gera tiltekinn fjölda upptalinna atriða utan höfuðborgarsvæðisins	Fór á Reynisfjöru <sup>5</sup>
13. ágúst	Fara einn hring í kringum landið	Lokið <sup>6</sup>
16. ágúst	Skrifa tiltekinn fjölda greina á Íslensku Wikipediu	Stofnaði 7 greinar (42/50)
17. ágúst	Skrifa tiltekinn fjölda greina á Íslensku Wikipediu	Stofnaði 8 greinar (lokið)

Í töflunni er ekki getið dagsetninga vegna töku sjálfsmynda þar sem markmiðið kvað á um daglega töku þeirra og vera þeirra í töflunni myndi trufla flæðið. Í staðinn eru listaðir þeir dagar sem ég tók **ekki** sjálfsmynd:

12. júní, 9. júlí, 17. júlí, 26. júlí, 15. ágúst.

## Fara einn hring í kringum landið

Ekki var farið í að brjóta niður hvern dag í hringferðarmarkmiðinu enda gæti það orðið torvelt, meðal annars af þeim sökum að þá þyrfti að taka afstöðu til þess hvaða dag ætti að telja krókana frá hringveginum þar sem ég gisti ekki á neinum stað beint á eða við hringveginn sjálfan, auk þess dags þar sem ég fór ekkert á hringveginn. Í staðinn fylgir hér tafla yfir þá vegbúta sem var sleppt og vegalengdin sem keyrð var í staðinn. Ekki eru talin upp tilvik þar sem ég fór af hringveginum inn á innkeyrslu, og síðan aftur á hringveginn örstutt frá, inn á útskot fyrir upplýsingaskilti, ef ég kom aftur inn á hringveginn sama veg og ég notaði til að fara af hringveginum, og sambærileg atvik.

Lýsing/nafn vegbútar	Lengd vegbútar sem var sleppt	Keyrt í staðinn og lengd þess
Norðurlandsvegur frá mótum við Hvammstangaveg (nr. 72) og til Síðuvegur (nr. 716)	17 km	78,1 km
Norðurlandsvegur frá mótum við Efstubraut á Blönduós og til móta við Furulund í Varmahlíð	50 km	72,2 km
Norðurlandsvegur frá mótum við Siglufjarðarveg (nr. 76) til móta við Ólafsfjarðarveg (nr. 82)	80 km	169 km

4 Miðað er við dagsetninguna þegar ég hafði sofið mína fyrstu nótt á því svæði.

5 Samanber færslu sumarmarkmiðsins þann 7. ágúst lauk því þann dag. Viðveran á Reynisfjöru var því ekki nauðsynleg en talið var betra að vera viss ef ske kynni að eitthvað hinna atriða markmiðsins yrðu álitin ógild.

6 Miðað er við dagsetninguna sem hringferðinni lauk.

Lýsing/nafn vegbútar	Lengd vegbútar sem var sleppt	Keyrt í staðinn og lengd þess
Norðurlandsvegur frá mótum við Grenivíkurveg (nr. 83) til móta við Víkurskarð (nr. 84)	10 km	25,8 km
Norðurlandsvegur frá mótum við Mývatnssveitarveg (nr. 848) til móta við Kísilveg (nr. 87)	12 km	21,9 km <sup>7</sup> (til móta við Grjótagjárveg (nr. 860) 27,9 km (með þeim vegbút en að mótum við Kísilveg)
Norðurlandsvegur frá mótum við veg nr. 8815 til móta við Norðausturveg (nr. 85)	80 km	357 km <sup>8</sup>
Frá mótum við Vattarnesveg (nr. 955) við Hafnargötu (nr. 955)	14 km	48,6 km
Suðurlandsvegur frá mótum við Dufþaksbraut á Hvolsvelli að mótum við Hvolsvveg á Hvolsvelli	341 m	1,06 km
Suðurlandsvegur frá mótum við Dynskálar 46 til móta við Gaddstaðaflatar	532 m	1,25 km <sup>9</sup> (til móta við Þrúðvang)  1,73 km (til móta við Gaddstaðaflatar)
Suðurlandsvegur frá mótum við Urriðafoss (nr. 302) til móta við Þingborg	8,7 km	17,1 km <sup>10</sup> (til móta við Villingaholtsveg (nr. 305))
Suðurlandsvegur frá mótum við Grænamörk í Hveragerði til móta við Breiðamörk	431 m	694 m
Suðurlandsvegur frá mótum við Breiðamörk til móta við Þrengslaveg	Vegur lokaður sökum framkvæmda (þ.e. force majeure). Útreikningar vegalengda óþarfir.	

7 Athuga ætti að Norðurlandsvegur var ekinn í andstæða átt í um 6 km þannig að keyrða leiðin kom inn á hringveginn á öðrum stað en endastað vegbútarins sem var sleppt. Óháð því hvort miðað væri við enda hins slepptu vegbútar eða þann stað sem komið var inn á hringveginn, væri keyrða leiðin lengri.

8 6 km keyrslan í andstæða átt er inni í þessari tölu. Hún er of óveruleg til að það skipti máli gagnvart heildarvegalengdinni.

9 Athuga ætti að um 480 metrar eru keyrðir í andstæða átt að enda vegbútarins við Gaddstaðaflatar. Hin keyrða vegalengd er lengri óháð því hvort þessum 480 metrum er bætt við 532 metrana eður ei.

10 Í tölunni er ekki teknir um 1,17 km sem eknir eru í andstæða átt á hringveginum. Hin keyrða vegalengd er lengri óháð því hvort henni sé bætt við 8,7 km búiðinn á hringveginum eður ei.

Vegalengdir vegbútanna sem slepptir voru reiknast frá gróflega sömu staðsetningu og farið var af hringveginum og til gróflega þeirrar staðsetningu þar sem aftur er komið inn á hringveginn, og notuð vegalengdin milli þeirra staða útreiknaða samkvæmt OpenStreetMap eins og keyrt hefði verið á milli þeirra eingöngu á hringveginum. Vegalengdin keyrð í staðinn miðaðist við sem stystu leið í gegnum stofnleiðirnar sem farnar voru en ekki króka út frá þeim.

## Skýringar og lærdómur af framkvæmdinni

Ástæður þess að sum aðalmarkmið voru ekki klárað voru ýmsar. Meðal slíkra markmiða voru einhver sem, við fyrstu sýn, virðast auðframkvæmanleg en reynast það svo ekki þegar á reynir og síðan kemur ýmiss klaufaskapur til greina. Fylgja hér því athugasemdir um framkvæmd allra aðalmarkmiða sem ég náði ekki að klára ásamt athugasemdum varðandi önnur markmið eftir því sem við á.

## Viðmið vegna sumarmarkmiða

Áður en auglýst var eftir tillögum voru samin viðmið vegna sumarmarkmiða. Ekki var talið við hæfi að semja viðmiðin eftir að auglýst væri eftir tillögum bæði að þeirri ástæðu að ekki var útilokað að einhverjar kröfur gætu komið fram í þeirri vinnu sem mikilvægt væri að endurspegluðust í auglýsingunni, og til að forðast aðstæður þar sem einhver gæti með réttu farið að ásaka mig um breytingar á ferlinu eftir því hvaða tillögur kæmu fram. Þar sem þetta var í fyrsta skiptið sem viðmiðin voru framkvæmd var sett fram viðmið sem heimilaði frávík á hluta viðmiðanna ef þyrfti að því gefnu að öll meðvituð frávík yrðu skráð og að gætt yrði meðalhófs vegna beitingar þeirra. Engin meðvituð frávík voru skráð né áttu sér stað. Hins vegar áttu þá-ómeðvituð frávík sér stað þar sem ég spurði suma tillöguflytjendur út í einhver álitafni í fyrstu umferð en kafla 2.3.3 í viðmiðunum kveður á um að slíkt sé óheimilt fyrir lok tillögufrestarins, en ljóst er að þetta var alls ekki ætlunin. Búist er við að þetta atriði viðmiðanna verði endurmetið fyrir framkvæmdina 2020.

## Úrvinnsla tillagna

Aðferðin sem notuð var til að vinna úr tillögum var ekki hin hentugasta þar sem hún fól í sér vinnu í ritvinnsluskjali með mörgum ferðum fram og til baka milli markmiða. Athuga ætti við framkvæmdina árið 2020 hvort fýsileg sé einhver önnur leið sem auðveldar utanumhaldið.

## Ferðalög

Tvö ferðalög, til Vestfjarða og svo hringferðin, höfðu talsverð áhrif á framkvæmd markmiða. Megináhrifin voru þau að aðdragandi ferðalaganna fól í sér mikla skipulagsvinnu sem í eðli sínu leiddi til minni tíma til að framkvæma önnur markmið, og að úrval þeirra markmiða sem hægt var að framkvæma á meðan ferðalögunum stóð minnkaði. Engin eftirsjá er vegna þeirrar forgangsroðunar, einkum af þeirri ástæðu að með ferðalögunum tókst að ljúka mörgum markmiðum sem hangið höfðu óklárað á sumarmarkmiðalistum síðustu ára.

## Hlaupa/skokka fimm kílómetra

Markmiðið var ekki klárað og í raun ekki einu sinni reynt. Líkleg ástæða þess var samblanda af hinum mikla undirbúningi sem fór í ferðalögin tvö og þeirri staðreynd að síðari rannsókn benti til æfingaáætlana sem ég taldi ekki raunhæft að ljúka fyrir lokafrestinn.

## Gera mína eigin erfðaskrá

Ekki tókst að klára markmiðið sökum þess að seinlegt var að fá svör sýslumannsembættisins við nokkrum spurningum sem ég hafði auk erfiðleika við að skipuleggja vottun og önnur atriði hennar til að tryggja sem best að hún myndi teljast gild ef á reyndi. Hins vegar tókst að ljúka ritun ásættanlegs texta, að ég taldi, þó ég hafi samt rekist á nokkur atriði eftir að lokafrestinum lauk sem ágætt væri að taka afstöðu til áður en ég geri hana lagalega bindandi.

## Setja upp sniðgöngulista

Ástæða þess að þetta markmið, sem sýndist vera fljótafgreitt, var ekki klárað voru aðallega áhyggjur um að hann teldist ekki nógu tæmandi í fyrstu útgáfu. Þá var óleyst álitafni um hvað ætti að gera ef fyrirtæki sem ég hafði þegar ákveðið að sniðganga hefði sameinast öðru fyrirtæki. Enn fremur taldi ég þörf á að semja viðmið um hvernig ég ætti að bregðast við í þeim tilvikum þegar ég starfa fyrir annan aðila og er í slíkri stöðu að ég geti haft bein eða óbein áhrif á réttarsamband þeirra aðila.

## Fara í tiltekið margar heimsóknir til annars fólks sem ég hef ekki heimsótt áður

Af þeim fimm heimsóknum sem þetta markmið hljóðaði upp á fór ég eingöngu í tvær á tímabilinu. Ég er ekki þannig maður að ég reyni að troða mér í heimsókn til annars fólks með því að spyrja það beint, heldur bíð ég eftir boði frá viðkomandi aðila. Þá batt ég einhverjar vonir um slíkt boð í kjölfar birtingu sumarmarkmiðalistans myndu berast, en slíkt átti sér ekki stað. Þau boð sem bárust voru boð um gistingar vegna ferðalaga sumarsins.

## Bjóða tiltekið mörgum aðilum í heimsókn sem hafa ekki heimsótt mig áður

Áætlunin var að ljúka ákveðnum tiltektum áður en ég færi að bjóða fólki í heimsókn. Þeim lauk ekki á tímabilinu sökum þess að undirbúningur ferðalaganna og ferðalögin sjálf tóku nokkuð mikinn tíma. Ekki er útilokað að aðrar ástæður hafi einnig spilað þar inn í.

## Gera tiltekið margar armbeygjur

Tilraunir mínar til að gera armbeygjur leiddu til þeirrar uppgötvunar að ég gat ekki einu sinni gert eina sem uppfyllti þessi skilyrði, hvað þá 30, og var horfið frá þessu markmiði af þeirri ástæðu að ég taldi mig ekki getað byggt upp nægan líkamlegan styrkleika fyrir lokafrestinn til að vinna frekar að markmiðinu.

## Fara einn hring í kringum landið

Framkvæmd markmiðsins fór fram dagana 3.-13. ágúst og heppnaðist. Við uppgjör þessa markmiðs kom samt upp álitafni um hvernig skuli afgreiða vegbúta sem keyrðir voru í andstæða átt eftir að komið var aftur inn á hringveginn. Til að mynda ef keyrt var af hringvegnum og komið annars staðar inn á hann, og síðan keyrður hluti af þeim vegbút sem draga mátti frá, var vafi hvort frádráttinn átti að miða við þann vegbút sem komið var aftur inn á hringveginn eða að þeim stað sem hætt var að keyra í andstæða átt. Ekki reyndi á þetta sérstaklega þar sem sú vegalengd sem var utan hringvegarins var í öllum teljanlegum tilvikum lengri en þeirri sem var sleppt hverju sinni óháð því hvort viðmiðið hefði orðið fyrir valinu.

## Ljúka yfirferð og endurnýjun á fataeign minni

Markmiðið var ekki klárað og fór lítil en einhver vinna í það. Meginástæðan fyrir engum fatakaupum var að þegar ferðalögin urðu raunhæf ákvað ég að fresta fatakaupunum þar til síðar svo ég hefði örugglega efni á því að fara í téð ferðalög.

## Taka a.m.k. 42 myndir af 42 sem ég hef ekki tekið áður

Markmið þetta var klárað, líkt og fyrri ár, og telst því endurtekið. Téð endurtekning var þó ekki andstæð viðmiðunum þar sem hún bannar það eingöngu í tilviki ókláraðra markmiða. Í skýrslunni um framkvæmdina árið 2018 komu fram áhyggjur af því að ólíklegri yrði að klára markmiðið eftir því sem það er framkvæmt oftar og því ætti að ígrunda það sérstaklega áður en það yrði samþykkt aftur. Þetta árið var sérstaklega hugað að því að mikill fjöldi 42-fyrirbæra væri út á landi sem ferðalögin myndu gera mér kleift að nálgast, sem og varð, en ef þær fyrirætlanir gengju ekki upp ætti ég í staðinn að hafa meiri tíma til að finna slík innan höfuðborgarsvæðisins.

Óháð velgengni síðustu ára við framkvæmd þessa markmiðs þyrfti samt við úrvinnslu næstu sumarmarkmiðalista að taka með í reikninginn þá staðreynd að vera markmiðsins leiði ekki til þeirrar þróunar að það festist á sumarmarkmiðalistum. Á meðan reynt er að sporna við þróun að ókláruð sumarmarkmið séu ítrekað sett á sumarmarkmiðalistana, þá ætti einnig að sporna við sambærilegri þróun um kláruð markmið.

## Gróðursetja tré

Bundnar höfðu verið vonir um að mæta á Mirai no mori viðburð Íslensk-japanska félagsins sem skipulagður hafði verið en hætt var við hann á seinustu stundu. Í kjölfarið leitaði ég að öðrum gróðursetningarviðburðum sem færu vonandi fram það sumarið, þar á meðal á vef ýmissa skógræktarféлага, en án árangurs.

## Prófa Segway

Farið var í það snemma á tímabilinu að reyna að bóka leigu á Segway tæki á framkvæmdartímabilinu en bókunarsíður fyrirtækja er leigðu út slík tæki gáfu til kynna að enginn tími væri laus. Staðan var athuguð nokkrum sinnum á tímabilinu. Þetta var jafnframt haft í huga við skipulagningu ferðalaganna út á land en Segway þurfti að mæta afgangi sökum tímaskorts.

## Kortleggja Fjölskyldu- og húsdýragarðinn fyrir OpenStreetMap

Unnið var að markmiðinu að einhverju leiti á framkvæmdartímabilinu. Þann 15. júlí fór fram gagnasöfnun þar sem gengið var um Fjölskyldu- og húsdýragarðinn með svokallað Garmin VIRB tæki sem tók ljósmyndir á tveggja sekúndna fresti. Þann 17. ágúst fór fram einhver vinnsla á þeim gögnum inn á OpenStreetMap en því miður tókst gagnaöflunin ekki nógu vel til þess að skilyrði markmiðsins teldust uppfyllt.

## Ljúka eftirvinnslu á öllum skönnuðu ljósmyndaalbúmunum

Hugmyndir voru um að setja af stað sjálfvirkt ferli sem færi yfir skönnuðu eintökin og myndu klippa sjálfkrafa af þá hluta sem teldust ekki til ljósmyndanna sjálfra. Ekki var fyrirséður sá annmarki að hin sjálfvirka klipping yrði eins ófullnægjandi og raunin var, en hann fólst í því að hin smæstu svörtu korn utan myndanna yrðu til þess að klippt væri talsvert minna en annars hefði átt að gera. Afleiðingar urðu þær að hætt var við frekari framkvæmd markmiðsins enda myndi viðhlítandi árangur þess krefjast gríðarlegrar handavinnu. Einhverjar hugmyndir voru um að brjóta niður þessa

vinnu þannig að hún færi fram smátt og smátt yfir veturinn, en hún fór svo ekki fram sökum tímaskorts. Inn í þetta spiluðu einnig vandræði við geymslupláss sem hafði neikvæð áhrif á möguleikann til að klippa afrit af myndunum, enda óviturlegt að fikta við frumeintökin sjálf.

## Gera tiltekinn fjölda upptalinna atriða utan höfuðborgarsvæðisins

Markmiðið var skilgreint þannig að eingöngu þurfti að klára þrjú af sex tilteknum atriðum, og tókst það auk fjórða atriðisins sem var klárað aukalega í hringferðinni. Hins vegar er vert að minnast á þau atriði sem voru ekki kláruð, sem sagt að stíga fæti á jökul og að fara upp á eitt fjall.

Atriðið um að stíga fæti á jökul var haft í huga við skipulagningu ferðalaganna. Í ferðinni til Vestfjarða var athugað með Snæfellsjökul þar sem ekið var um Snæfellsnesið á leið til Vestfjarða, en var útilokað sökum verðlags og lengdar þeirra. Drangajökull var það mikið úr leið að ferðalag þangað var ekkert skoðað frekar. Hvað hringferðina varðaði komu ýmsar jöklaferðir fyrirtækja inn á vinnuskjalið en voru svo að endingu skornar út sökum verðlags og tímalengdar. Hins vegar var ferð á Sólheimajökul inni á lokaskjalinu en aðstæður á meðan ferðalaginu stóð urðu til þess að sleppa þurfti henni sökum tímaskorts.

Mikil vinna fór í að rannsaka hvaða fjöll komu til greina í ljósi skilyrðanna, en það skýrist meðal annars af því að hæðir fjalla eru að jafnaði skráðar sem hæð yfir sjávarmáli, en ekki frá fjallsrótum. Skráði ég meðal annars upphækkunarir 77 álitlegra fjalla út frá fjallgöngusíðu. Þetta markmið var haft í huga við áætlun hringferðarinnar og hafði tími verið tekinn frá til að fara upp á Grænafell (rétt hjá Reyðarfirði) en skera þurfti þá ferð út sökum tíma sem fór í að skipta um bíldekk fyrr þann daginn auk þess að ég taldi ekki óhætt að fara einn upp á fjall sem væri blautt eftir mikla rigningu.

## Uppfyllingarmarkmið

Vegna eðlis uppfyllingarmarkmiða er ekki sett sú krafa að útskýra af hverju einstaka markmið á þeim lista var ekki klárað. Af þeirri ástæðu er það ekki gert nema ég telji ástæðuna vera markverða.

## Baða mig í fossi, eða álæk

EKKI var sérstaklega unnið að þessu markmiði á framkvæmdartímabilinu en ég tel hentug tækifæri vera af skornum skammti þar sem ég yrði að vera útbúinn þannig að ég get skipt um klæðin sem blotna, eða vera í engum klæðum og þurrka mig nógu fljótt að ég get klætt mig í slík sem fyrst. Slíkt gæti verið torvelt ef eina skjólið væri ökutækið sem ég myndi nota til að ferðast á staðinn, og fyrirbyggjandi undirbúningur þess svo ég myndi ekki bleyta innviði þess of mikið og þurrka sjálfan mig sem fyrst. Þetta er þó áhugavert markmið sem myndi samt krefjast einhverrar skipulagsvinnu ef endurtekið.

## Kasta smámynt í „brunn“

Ástæðan fyrir því að þetta markmið varð að uppfyllingarmarkmiði að það byggðist á að gott tækifæri væri til þess að framkvæma það, en ekkert tryggt. Einhverjar hugmyndir voru um það við undirbúning svokallaðra prufudaga fyrir hringferðina, að fara til Þingvalla og nágrennis, og kasta pening í Almannagjá. Þrír prufudagar voru settir upp en eingöngu gafst tími til að fara í tvo þeirra, og var einmitt prufudagurinn er innihélt Þingvalla skorinn út.



## Panta og fá herbergisþjónustu á hóteli

Á ferðinni til Vestfjarða og í hringferðinni gisti ég á mörgum gististöðum en enginn þeirra vísaði til sín sem hótél né gat ég séð að nokkur þeirra hafi boðið upp á það sem kalla mætti herbergisþjónustu.

## Fljóta á kajak & Flúðasigling & Hvalaskoðun & Fara á tvær mismunandi bæjarhátíðir

Á ferðalögunum reyndi ég að hafa þá möguleika opna að fara í kajakferð, flúðasiglingu, og/eða hvalaskoðun. Þær voru aðallega útilokaðar sökum verðlags og/eða tímaskorts. Þá reyndi ég einnig að vera vakandi fyrir bæjarhátíðum en rakst á að engar hátíðir sem flokkuðust sem slíkar uppfylltu bæði skilgreiningu markmiðsins og farið fram á sama tíma og ég átti leið hjá.

## Réttlættingar á ókláruðum markmiðum

Gera ætti beinlínis ráð fyrir því að ekki náist að framkvæma öll markmiðin á listanum og geta ýmsar skýringar legið að baki slíku fyrir hvert einstaka tilvik. Að því undanskildu að maður klári seinasta markmiðið rétt fyrir lokafrestinn er ætíð hætta á eftirsjá varðandi það að hafa ekki sett fleiri markmið á listann.

Markmiðalistinn ætti að vera settur upp til þess að veita ákveðið svigrúm þar sem fólk ætti að hafa val um það hvaða markmið ætti að koma til framkvæmda dag hvern. Auk þess geta ýmsir utanaðkomandi þættir orðið til þess að takmarka það hvaða markmiðum hægt sé að vinna í á hverjum tíma. Sé hvert einasta markmið klárað bendir það til þess, utan algerrar tilviljunar, að slíkt hafi ekki átt sér stað. Þá skal athuga að gangi svo vel eitt árið en ekki næsta ár, þá gæti viðkomandi orðið fyrir vonbrigðum.

Þetta þýðir þó ekki að fólk ætti að haga framkvæmdinni til að koma í veg fyrir það nái að klára allan listann, eins og með því að setja markmið á listann sem það veit að það getur ekki klárað. Raunhæfisreglan hefur fullt gildi hvað þetta varðar. Hjá því verður ekki komist að raunveruleikinn er ekki alltaf sá sem við höldum í upphafi, og því líklegt að við gerum ýmis mistök sem leiða til þess að markmiðin taki lengri tíma en við áætluðum í upphafi eða hreinlega klárast ekki innan frestsins.

Ein aðferðin mín til þess að leysa þetta vandamál er setning svokallaðra uppfyllingarmarkmiða, sem eru til uppfyllingar hinum markmiðunum, eins og nafnið bendir til. Um þau gilda ekki eins ströng skilyrði og gilda um aðalmarkmiðin þar sem þau mæta afgangi, eins og hægt sé að klára þau með hliðsjón af öðrum markmiðum. Athuga þarf samt að það þarf samt að vera hægt að klára þau, bæði almennt og að einhverju leiti með hliðsjón af öðru því sem er á dagskrá tímabilsins. Af þeim sökum yrði ekki talið við hæfi að setja inn uppfyllingarmarkmið sem væri ekki hægt að klára þótt ekki yrði unnið í neinu öðru markmiði á tímabilinu. Þau losna ekki undan öðrum kröfum sem grundvallarforsendurnar gera, sem sagt að árangur þeirra sé mælanlegur og eins auðvelt að sjá hvenær þeim telst lokið.

## Samanburður við fyrri skipti

Eftir að búið er að meta árangurinn við framkvæmd sumarmarkmiðanna í þetta skiptið vaknar upp spurningin um tölfræðilegan samanburð við hin skiptin. Á þessari stundu er mér ekki kunnugt um neina aðferð sem væri bæði lýsandi og áreiðanleg. Sú fyrsta sem kæmi til hugar væri að bera saman fjölda kláraðra markmiða, sem hefur þó þann veikleika að hún er langt frá því að teljast lýsandi.

Ástæðan felst í því að markmið eru miserfið og tímabil með hærra hlutfall fyrirhafnarmikilla eða fljótafgreiddra markmiða gæti skekkt samanburðinn óhóflega.

Áður en farið væri djúpt í samanburðarpælinguna þarf að athuga hvort það sé yfirhöfuð þörf á tölfræðilegum samanburði. Tölfræðinördinn í mér væri án efa ánægður með samanburð á við þennan en sú forvitni ein og sér dugar ekki sem réttlæting. Ekki yrði nóg að geta komið með slíkan samanburð heldur þyrfti einnig að vita þýðingu þeirra upplýsinga og jafnframt hvaða lærdóm væri hægt að draga af þeim þegar þær lægju fyrir.

Í boði er þó að framkvæma ótölfræðilegan samanburð sem fælist í því að meta hvort lærdómur frá fyrri skiptum skilaði sér til þeirra síðari. Í þessari skýrslu er vísað til ýmissa hluta sem ég hef lært frá fyrri árum en skilað sér með mismiklum árangri sem ég tel óþarft að endurtaka þær hér.

## Hvað er framundan?

Í ár komu í ljós ýmis atriði sem hefðu mátt fara betur og vil ég endilega bæta úr þeim í framtíðinni. Sum þeirra hefði ég ekki getað rekist á nema með yfirferðinni er fyrirkomulag þessara skýrsluskrafa leiðir til, sem er frekari sönnun á mikilvægi þess að gera hana. Skýrsla vegna sumarmarkmiðanna 2018 gagnaðist afar vel í þessu sambandi. Ábendingar um hvernig megi gera skýrslurnar enn betri í framtíðinni eru vel þegnar.

Þá er fyrirséð í ljósi ríkjandi COVID-19 farsóttar að hún myndi án efa hafa einhver áhrif á framkvæmdina árið 2020.

Vonast er til þess að skrif þessarar skýrslu sem og síðari gagnrýnin á efni hennar verði til þess að frekari lærdómur ávinnist vegna framkvæmdar sumarmarkmiðanna þetta árið sem nýtist í framtíðinni.

Nánari upplýsingar um sumarmarkmiðarátakið er að finna á <https://kjarrval.is/sumarmarkmid>.

© Svavar Kjarrval. Dreifing þessa skjals er háð Creative Commons Zero dreifingarleyfinu.

## Fylgiskjal - Viðmið vegna sumarmarkmiða

Viðmið vegna sumarmarkmiða sem farið var eftir vegna sumarmarkmiðalista ársins 2019.

### 1.0 Ófrávíkjanleg viðmið

Tilkynning tillögufrestar tiltekins árs skal hafa farið fram að minnsta kosti einum mánuði áður en honum lýkur. Tilkynning lokafrestar tiltekins árs skal fara fram eigi síðar en tilkynningin um tillögufrestinn.

Tillögufrestur og lokafrestur skulu vera óhagganlegir eftir að tilkynning þeirra hefur farið fram. Þeir skulu skilgreindir á þann hátt að bersýnilegt er upp á sekúndu hvenær þeir teljast liðnir og án þess að veitt sé frekara svigrúm til túlkunar eða tilfærslu.

Tilkynning í samhengi þessara viðmiða getur farið fram með opinberum texta á vefnum kjarrval.is, Facebook vegg mínum, og/eða frá mínum aðgangi á öðrum samfélagsmiðli.

Árangur gagnvart markmiði telst einungis gildur hafi hann átt sér stað frá því sumarmarkmiðalistinn sem markmiðið er á hefur verið birtur opinberlega og þar til lokafrestur listans er liðinn.

Sumarmarkmiðalistinn telst endanlegur um leið og opinber birting hans hefur farið fram. Frá þeirri stundu er óheimilt að bæta við, breyta, og/eða fjarlægja markmið af honum. Þó er heimilt að leiðrétta bersýnilegar stafsetningarvillur og innsláttarvillur.

Markmið telst samanstanda af titli þess ásamt nánari skilyrðum og skilgreiningum sem gætu fylgt með. Sé árekstur við túlkun markmiða skulu nánari skilyrðin og skilgreiningarnar bera forgang yfir titil þeirra. Sé enn árekstur við túlkun skal aftari/síðari texti bera forgang fram yfir fyrri.

## 2.0 Frávíkjanleg viðmið

Skilgreiningar;

Innimarkmið: Markmið sem talið er byggjast mestmegnis á framkvæmd þess innan míns eigin heimilis.

Tillöguflytjandi = Hver sá aðili sem stendur að tillögu.

Útimarkmið: Markmið sem talið er byggjast mestmegnis á framkvæmd þess utan míns eigin heimilis, hvort sem það er utanhúss eða innanhúss og án tillits til fjarlægðar frá heimili mínu.

### 2.1 Beiting og skráning frávika

Frávik þurfa að vera nauðsynleg á þeirri stundu sem þau eiga sér stað og mega ekki ganga lengra en nauðsynlegt er hverju sinni.

Öll meðvituð frávik skal skrá ásamt meðfylgjandi rökstuðningi sem þá er talinn réttlæta umrætt frávik.

### 2.2 Móttaka tillagna

Allar innsendar tillögur skulu skráðar með eins nákvæmum hætti og unnt er.

Sé tillaga lögð fram skriflega skal hún skjöluð með öruggum hætti.

Sé tillaga lögð fram með öðrum hætti en skriflegum skal hún skrifuð niður eins fljótt og nákvæmt og auðið er.

Tillaga sem móttækin er eftir að tillögufresturinn er liðinn skal ekki koma til greina við úrvinnslu viðkomandi sumarmarkmiðalista. Þó skal hún koma til greina hafi sending hennar hafist fyrir lok tillögufrestarins með sannanlegum hætti, nema móttaka hennar fer fram eftir að sumarmarkmiðalistinn er orðinn endanlegur.

Mínar eigin tillögur koma ekki til greina nema skráningu þeirra hafi verið lokið fyrir lok tillögufrestarins, á sama stað og tillögur annarra eru skráðar.

Tillaga sem send var inn vegna fyrri sumarmarkmiðalista kemur ekki aftur til skoðunar nema beiðni þess efnis sé send fyrir lok tillögufrestarins. Slík beiðni, sé hún réttilega borin fram, hefur ígildi skráningar þeirrar tillögu.

Komi beiðnin frá mér telst hún þó ekki tæk nema skráningu hennar hafi verið lokið fyrir lok tillögufrestarins og á sama stað og aðrar slíkar beiðnir eru skráðar.

Heimilt er að leita til tillöguflytjanda um að fá nánari upplýsingar um efni tillögu viðkomandi jafnóðum og eftir að hún hefur borist, þrátt fyrir að formleg úrvinnsla sé ekki hafin. Markmið þeirrar upplýsingasöfnunar skal einvörðungu vera til þess fallið að leysa úr bæði mögulegum og líklegum vafamálum er kemur að túlkun hennar.

Innsend tillaga gildir eingöngu fyrir þann sumarmarkmiðalista sem var tilefni innsendingar hennar. Sé óliðinn tillögufrestur á þeim tíma sem hún var send, skal hún teljast móttækin fyrir þann lista eingöngu. Sé enginn óliðinn tillögufrestur á sendingartíma skal hún þó tekin til meðferðar vegna næsta sumarmarkmiðalista. Beiðni um endurtekna afgreiðslu tillögu vegna fyrri sumarmarkmiðalista er þó eingöngu tæk sé um óliðinn tillögufrest að ræða, og telst þá móttækin fyrir þann lista eingöngu.

## **2.3 Úrvinnsla tillagna**

Úrvinnsla tillögu má hefjast fyrir tillögufrestinn, en óheimilt er að taka ákvörðun um samþykkt eða synjunar tillögu fyrr en tillögufresturinn er liðinn.

Ef innihald tillögu er í löngu máli skal heimilt að stytta texta hennar og/eða setja lýsandi titil á hana, og nota þann texta og/eða titil við úrvinnslu hennar. Upprunalegt orðalag tillögunnar skal þó varðveita sérstaklega.

### **2.3.1 Aðlögun tillagna**

Ekki er skylt að samþykkja allar móttæknar tillögur sem sumarmarkmið. Einnig er heimilt að breyta þeim eftir þörfum, án samráðs eða samþykkis tillöguflytjanda, á meðan úrvinnslu þeirra stendur.

Óheimilt er að synja tillögu á grundvelli ósamræmis við kröfur sem sumarmarkmið þurfa að uppfylla, án þess að metið hafi verið hvort hægt sé að gera viðeigandi breytingar þannig að hún yrði í samræmi við þær kröfur.

Heimilt er að sameina tvær eða fleiri tillögur, og einnig að skipta tillögu niður í tvær eða fleiri.

### **2.3.2 Flokkun í innimarkmið og útimarkmið**

Tillaga skal flokkuð í innimarkmið og útimarkmið eftir því sem tilfallandi sumarmarkmið yrði, sé hún samþykkt óbreytt. Heimilt er að breyta þessari flokkun eftir þörfum fram að þeim tíma sem úrvinnslu sumarmarkmiðalistans er lokið. Sé réttmætur vafi um hvorn flokkinn ætti að velja skal setja tillöguna í báða flokkana.

Gætt skal að hlutfalli innimarkmiða og útimarkmiða við úrvinnslu tillagna þannig að ójafnvægi milli þeirra á hinum endanlega sumarmarkmiðalista yrði meðvitað og réttlætanlegt, eigi slíkt sér stað.

### **2.3.3 Upplýsingasöfnun og rannsóknarvinna**

Heimilt er eftir tillögufrestinn að leita nánari upplýsinga frá tillöguflytjanda um afstöðu viðkomandi til álitafna er varða tillöguna sjálfa. Einnig er heimilt að fá afstöðu annarra en tillöguflytjanda til ýmissa álitafna er varða tillögu, sé gætt viðeigandi trúnaðar gagnvart tillöguflytjanda, hvort sem það er fyrir eða eftir tillögufrestinn.

Áður en tekin er ákvörðun um samþykkt eða synjun tillögu skal fara fram viðunandi rannsóknarvinna svo hægt sé að taka upplýsta ákvörðun þaraðlútandi.

Slík rannsóknarvinna á tillögu þarf þó ekki að fara fram ef hún yrði bersýnilega tilgangslaus eða svo umfangsmikil að hún myndi valda óhæfilegum drætti á úrvinnslu heildarlistans.

Ekki má taka endanlega afstöðu til neinnar tillögu fyrr en búið er að ljúka allri þeirri upplýsingasöfnun og rannsóknarvinnu sem þessi kafli kveður á um fyrir allar þær tillögur sem liggja fyrir.

### **2.3.4 Langtímaáherslur**

Meta skal samræmi tillagna við opinberaðar langtímaáherslur mínar, áður en ákvörðun er tekin um samþykkt eða synjun þeirra.

Sú staðreynd að tiltekin tillaga sæki ekki sérstaka stoð eða virðist andstæð opinberaðri langtímaáherslu, má ekki vera sjálfstæður grundvöllur synjunar.

### **2.3.5 Endurtekningar sumarmarkmiða**

Þegar tillaga er til meðferðar sem hefði þau áhrif að um væri að ræða endurtekningu ókláraðs sumarmarkmiðs frá einhverjum af fyrri sumarmarkmiðalistum, óbreytt eða sambærilegt, skal meta sérstaklega líkurnar á að það takist að klára það í það skiptið, sé það samþykkt inn á sumarmarkmiðalistann á ný.

Nú hefur slíkt markmið verið á tveimur næst-undanförnum sumarmarkmiðalistum í formi aðalmarkmiða og er þá óheimilt að samþykkja það á ný með óbreyttu eða sambærilegu umfangi.

Nú hefur slíkt markmið verið á tveimur næst-undanförnum sumarmarkmiðalistum í formi uppfyllingarmarkmiða og er þá óheimilt að samþykkja það á ný nema sem aðalmarkmið.

### **2.3.6 Endurtekin meðferð tillagna**

Hafi tillaga sætt úrvinnslu áður vegna sumarmarkmiðalista skal heimilt að nýta aftur upplýsingar sem safnað var í tengslum við úrvinnslu fyrri sumarmarkmiðalista.

Hafi tillaga áður borist og hlotið synjun, hvort sem það var tímabundið eða ótímabundið, skal heimilt að ákvarða að hún skuli á ný hljóta sömu örlög án frekari úrvinnslu, eigi forsendur fyrri synjunar enn við.

### **2.3.7 Ferli við meðferð tillagna**

Ferlinu skal skipt niður í umferðir. Áður en heimilt er að hefja næstu umferð skal vera búið að ljúka fyrri umferð hvað varðar allar tillögur er hún tók til. Berist gild tillaga eftir lok umferðar skal gera hlé á vinnslu þeirri tillagna sem eru lengri komnar þar til þær tillögur sem séu styttra komnar séu komnar á sama stað í ferlinu eða hafa dottið út, hvort sem kemur fyrir.

Heimildir til ákvarðanatöku og úrvinnslu í fyrri umferðum skulu einnig eiga við um síðari umferðir, nema að því leiti sem annað er sérstaklega tekið fram.

Fyrstu umferð má hefja fyrir lok tillögufrestsins.

Tillögur skulu flokkaðar sem innimarkmið eða útimarkmið, sbr. kafla 2.3.2.

Þar skal meta aðlögunarhæfni tillögu að gildandi kröfum til sumarmarkmiða, sbr. kafla 2.3.1, og aðlögun framkvæmd sé talin þörf á henni, og að hún sé bæði möguleg og fýsileg. Sé talin þörf á aðlögun en hún sé annaðhvort ekki talin möguleg eða fýsileg, skal synja tillögunni á þessu stigi. Slík synjun er þó eigi heimil fyrir en tillögufresturinn er liðinn.

Þar skal heimilt að viðhafa upplýsingasöfnun og rannsóknarvinnu, sbr. kafla 2.3.3.

Þar skal meta tillögu í samræmi við langtímaáherslur, sbr. kafla 2.3.4.

Aðra umferð má eigi hefja fyrir lok tillögufrestsins.

Þar skal meta tillögu í samræmi við viðmið um endurtekningar sumarmarkmiða, sbr. kafla 2.3.5.

Þar skal heimilt að taka ákvörðun um að synja tillögu en ekki um samþykkt hennar.

Þriðju umferð má eigi hefja fyrir lok tillögufrestsins.

Þar skal meta heildarmynd tillagnanna sem ekki hafa þegar hlotið synjun með hliðsjón af dreifingu þeirra í innimarkmið og útimarkmið ásamt dreifingu á langtímaáherslur.

Þar skal jafnframt meta heildarmynd þeirra í samræmi við raunhæfisregluna, þ.e. um að það sé nægilega mögulegt að klára öll aðalmarkmiðin fyrir lokafrestinn. Enn fremur skal með sama mæli framkvæma sambærilega athugun er kemur að umfangi hvers einstaks uppfyllingarmarkmiðs.

Þar skal heimilt að taka ákvörðun um að synja tillögu en ekki um samþykkt hennar.

Fjórdðu umferð má eigi hefja fyrir lok tillögufrestsins.

Þar skal heimilt að taka endanlega ákvörðun um samþykkt og synjun tillagnanna í hluta eða heild, úr hópi þeirra sem ekki hafa þegar hlotið synjun.

Tillögur sem hljóta samþykki í þessari umferð skulu fara inn á sumarmarkmiðalistann. Tillögur sem ekki hafa hlotið samþykki við lok þessarar umferðar skulu teljast synjaðar, óháð því hvort fyrir liggur sérstök synjun þeirrar tillögu eða ekki.